

# Breitt og fjölbreytt tónlistarstarf í leikskóla



(framhaldsverkefni)

Lokaskýrsla um þróunarverkefni



Birte Harksen

Heilsuleikskólanum Urðarhóli

júní 2009

# Efnisyfirlit

Samantekt.....	1
Inngangur/aðdragandi.....	1
Markmið.....	2
Lýsing á verkefnum.....	2
Þróun tónlistarefnis.....	2
Vefsvæðið bornogtonlist.net.....	5
Niðurstöður og mat.....	6



## Samantekt

Ég undirrituð, Birte Harksen, hef um nokkurra ára skeið unnið að því að styrkja tónlistarstarfið í Heilsuleikskólanum Urðarhóli. Þróunarverkefnið ”Breitt og fjölbreytt tónlistarstarf í leikskóla”, sem ég vann á skólaárinu 2007-2008, grundvallaðist á þeirri vinnu og var um leið tilraun til að þróa áfram hugmyndir mínar á þessu sviði og miðla þeim til breiðari hóps. Tilraunin heppnaðist það vel, að ég vildi halda verkefninu áfram og sótti því um styrk til framhaldsverkefnis, sem ég hef verið að vinna að nú á þessu skólaári, 2008-2009.

Markmið framaldsverkefnisins voru þríþætt:

- að byggja upp og styrkja vefsíðuna Börn og tónlist (bornogtonlist.net), sérstaklega með tilliti til þeirra efnisþátta sem minnst efni var til um á síðunni.
- að þróa og framkvæma nýjar hugmyndir varðandi tónlistarstarf meðal leikskólabarna á breiðum og fjölbreyttum grundvelli.
- að miðla þessum hugmyndum áfram til annarra leikskóla, einkum gegnum vefsíðuna og með ýmiss konar kynningu á henni.

Segja má að fyrrnefndu markmiðin tvö styðji hvort annað, þar sem hugmyndavinna í sambandi við tónlistarstarfið kemur að miklu leyti fram sem viðbætur við vefsvæðið bornogtonlist.net.



## Inngangur/aðdragandi

Í lokaskýrslunni um upphaflega verkefnið greindi ég frá því hvernig hugmyndin að því vaknaði og hvernig hugmyndir mínar um tónlistarstarf þróuðust:

*“Þegar ég lít til baka sé ég að það hefur verið ákveðin þróun í hugsun og vinnuferlinu hjá mér sem hægt er að lýsa með fjórum meginfösum: (1) Það fyrsta sem ég byrjaði að vinna með var hvernig ég gæti látið börnin hafa meiri áhrif á það sem við gerðum í samverustundinni. (2) Síðan fór ég að hugsa um hvernig hægt væri að dýpka skilning þeirra á lögnum og sérstaklega söngtextunum sem við vorum að syngja. (3) Seinna fór ég að vinna meira meðvitað að því að auka á fjölbreytni í samverustundunum og í tónlistarstarfinu almennt. (4) Um svipað leyti fór ég að leita leiða til að styðja við sköpunarmátt barnanna á tónlistarsviðinu.*

*[...]Mig langaði til að gefa tónlistarstarfinu meira vægi í öllum leikskólanum og ekki bara á minni deild; að gera tónlistina að einu af því sem sameinar leikskólann og starfið í honum.”*

Þetta finnst mér hafa tekist hjá okkur á Urðarhóli. Næsta skrefið væri svo að fella tónlistarstarfið inn í alla þætti bæði daglegs lífs og skapandi starfs á deildinni í gagnkvæmu samspili milli allra starfsmanna. Slíkt krefst mikillar vinnu og metnaðar, en uppskeran er líka eftir því: stóraukin gleði og ánægja hjá bæði börnum og fullorðnum. Mér til mikillar ánægju hefur þetta tekist á skólaárinu sem er að líða á deildinni sem ég starfa á (Sjávarhóli). Þessu mun ég lýsa nánar síðar í skýrslunni.



## Markmið

Hin almennu markmið verkefnisins koma fram í Samantektinni hér að ofan: að þróa bornogtonlist.net áfram, að bæta fjölbreyttu efni inn á vefinn, og að kynna vefinn og starfið á bak við hann fyrir öðru áhugafólki, sem einnig með tímanum vonandi mun hafa í för með sér að aðrir leggja til efni á vefinn.

## Lýsing á verkefninu

Í þessum kafla mun ég fjalla um tvennt: Annars vegar vefsíðuna [Börn og tónlist](#), uppbyggingu hennar, notkun og þróun, og hins vegar starfið með að þróa tónlistarefni sem hægt er að miðla gegnum vefsíðuna til að gera öðrum kleift að auka á breidd og fjölbreytni í tónlistarstarfinu. Ég mun tala um hið síðarnefnda fyrst.

### **Þróun tónlistarefnis**

Það er mjög mikilvægt að leggja áherslu á að breitt og fjölbreytt tónlistarstarf verður oftast en ekki til við samvinnu milli fleiri en eins leikskólakennara um að gefa börnunum eins heildstæða upplifun og hægt er í kringum það starf sem er í gangi hverju sinni. Þegar slík samvinna tekst vel, veldur það auknum sköpunarmátti og sköpunargleði allra sem að verkefninu koma. Hér eru nokkur dæmi um það:

**Dans í samstarfi við íþróttakennara.** Með Geirþrúði Guðmundsdóttur íþróttakennara hef ég unnið sérstaklega með dansa, bæði með föstum og frjálsum hreyfingum. Við fengum til okkar öll börnin úr tilteknum árgangi, fjögurra og fimm ára börn til skiptis, og leituðum að nýjum hugmyndum og einkum efni erlendis frá. Þar má nefna [Dans frá Póllandi \(Krasnoludki\)](#), [Dans frá Litháen \(Du gaideliai\)](#) og [The Pinocchio \(Gosadans\)](#). Sem dæmi um dans með frjálsum hreyfingum má nefna [Andstæðudansinn](#) og [El Condor Pasa](#).

**Sögur og tónlist samfléttuð.** Með Ingibjörgu Ásdísi Sveinsdóttur, sem er bókmenntafræðingur að mennt, hef ég unnið að nýjum og ferskum leiðum til að gera barnabækur og reyndar alls konar frásagnir lifandi fyrir börnunum. Mörg af þeim myndskreiðum sem nú er að finna á bornogtonlist.net í flokknum “Sögur og tónlist” eru tekin upp í sögustund hjá Immu, þar sem börnin eru mjög virkir þátttakendur. Hér má nefna [Á markað, á markað](#) og [Við siglum til Galapagos](#). Við fluttum okkur líka stundum inn í íþróttasalinn. Þetta gerðum við t.d. í [Hr. McGreor og kanínurnar](#), þar sem börnin leika söguna með Immu, og í [Milton vaknar](#), þar sem við völdum tónlistarbrot úr ýmsum verkum til að styðja söguþráðinn sem börnin settu síðan upp sem eins konar leikrit. Einnig gerðum við í sambandi við elstu barna starfið tveggja mánaða ferli í kringum *Sögu af Suðurnesjum* eftir Jóhannes úr Kötlum. Þar gerðu börnin bæði sína eigin neðansjávartónlist (þar sem þau spiluðu á ýmiss konar endurnýtt efni) og einnig söngtexta um eigin upplifanir í neðansjárvarheimi. Þessum hluta ferlisins er lýst á síðunni [Í neðansjárvarheimi](#) á bornogtonlist.net.



**Tónlist sem hluti af þemavinnu.** Á Sjávarhóli (sem er ein deild Urðarhóls) höfum við verið með þemavinnu í kringum Dýr mánaðarins, sem hefur gefið kærkomið tækifæri til að finna leiðir til að láta tónlistina falla inn í þá vinnu á eðlilegan hátt. Nokkur dæmi um þetta sem ratað hafa inn á bornogtonlist.net: [Kóngulóin spinnur](#), [Lille Peter edderkop](#), [Frú Könguló](#), [Ég vildi að ég væri gameðla](#), [Risaeðludans](#), [Krókódill í lyftunni minni](#), [Krókódill í leyni](#), [Pandabjörn, pandabjörn](#), [Ertu pandabjörn?](#), [Fiðrildadansinn](#) og [Fiðrildalag eftir 5 ára stelpu](#).

**Fjölþjóðlegt ívaf.** Ég hef verið svo heppin að hafa átt starfssystkini af ýmsu þjóðerni (bæði á Urðarhóli og á Lundabóli í Garðabæ) og hef getað fengið þau til að kenna mér vinsæl barnalög og vögguvísur frá heimalöndum þeirra. Það er furðu auðvelt að kenna börnunum texta á tungumáli sem þau annars þekkja ekki neitt, og gaman að útskýra fyrir þeim merkinguna og segja þeim frá viðkomandi landi. Hér eru nokkur dæmi um þetta: [Dukka mín er blá](#) (færeyskt), [Tvö tígrisdýr](#) (kínverskt), [Ci vuole un fiore](#) (ítalskt), dansar fra Litháen og Póllandi, sem voru nefndir hér að ofan, og að lokum [Vögguvísa frá Filippseyjum](#). Svólítið sér á báti (vegna þess að það er ekki beinlínis barnalag) er gullfallegt friðarlag á arabísku, sem Hoda Thabet kenndi mér. Það er á bornogtonlist.net undir heitinu [Arabískt lag](#), en maðurinn minn og ég þýddum það líka yfir á íslensku sem [Við erum dropar](#).

**Sumarskóli á Urðarhóli.** Í sumar höfum við skipulagt sérstakt sumarstarf á Urðarhóli sem við höfum kallað Sumarskóla. Tvisvar í viku vorum við með ýmsar “stöðvar” úti á lóð leikskólans sem börnin gengu frjálst á milli. Tónlist var auðvitað hluti af þessu starfi. Við tókum hljóðfæri út, bjuggum til hljóðfæri úr ýmsu afgangsefni, sungum og dönsuðum og gerðum jóga. Á bornogtonlist.net er sérstök síða um þetta starf undir nafninu [Sumarskóli á Urðarhóli](#).



**Efni frá öðrum.** Ég hef ekki verið ein um að búa til efni á síðuna. Ég hef einnig fengið efni frá utanaðkomandi áhugafólki sem vildi leggja sitt af mörkum. Hér ber að nefna Berglindi Mjöll Jónsdóttur á Norðurbergi í Hafnarfirði ([Do-Re-Mi leikur](#)), Eyrúnu Birnu Jónsdóttur á Arnarsmára í Kópavogi ([Klappa saman lófum og mallakút](#)), Asako Ichihashi á Furugrund í Hafnarfirði ([Ookina Taiko](#)), Stellu Bryndísi Helgadóttur á Naustatjörn á Akureyri ([Við förum öll í ljónaleit](#)) og Sigrúnu Halldórsdóttur tónmenntakennara í Borgarnesi ([Once I caught a fish alive](#)). Hafi þær allar þökk fyrir.

## Vefsvæðið *bornogtonlist.net*

Eftir að hafa unnið að [bornogtonlist.net](http://bornogtonlist.net) um nokkurra mánaða skeið, opnaði ég það opinberlega í október 2008, í sambandi við fyrirlestur sem ég hélt um vefsvæðið á málþingi KHÍ. Ég mun nú fjalla nánar um vefinn.

NOTANDI  
innskráning / nýskráning

# Börn og tónlist

Breitt og fjölbreytt tónlistarstarf í leikskóla

forsíða  
hjálp  
hafa samband

grein  
spjall  
skoða wikikóða  
breytingaskrá

gestabók

Fara Leita

hvað tengist hingað  
skyldar breytingar  
hlaða inn skrá  
kerfissíður  
prentvæn útgáfa  
varanlegur tengill

**Síða vikunnar**

- Ég fór í dýragarð í gær

**Nýjustu síður**

- Við erum í kafi
- Dukka mín er blá
- Hafið er svo rólegt
- Hring eftir Hring
- Hunangsflugan
- 1–2–3 maríuhænur
- Dans frá Póllandi (Krasnoludki)
- Ég vildi að ég væri grameðla
- Gull og perlur
- Tvö tigrisdýr ( 两只老虎。 )
- Klappa saman lófum og mallakút
- Mikki frændi

**Áhugaverð myndskleið**

- Hljóð sem passa saman
- Í lófanum mínum

**Nýlegar myndir**

Óxar við ána.jpg

123–maríuhænur2.jpg

lög í samhengi

hljóðfæri og hljóðgjafar

hreyfing, dans og leikir

fjölbreytt

sögur og tónlist

tónlist barnanna

ýngstu börnin

smáhugmyndir

myndskeið

umsagnir

Á þessari skjámynd sést uppbygging vefsíðunnar. Til vinstri er leitarbox og tenglar á gestabók, hjálparsíður og síður sem gagnast einkum skráðum notendum. Til hægri er listi yfir þá meginflokk, sem lýsingarnar á tónlistarstarfinu eru flokkaðar í. Meginhluti síðunnar er í miðdálkinum, og efnið þar er eðlilega breytilegt eftir því hvaða undirsíðu maður er á. Á forsíðunni eru þar tenglar á nýlegar síður, síðu vikunnar og nýlegar myndir valdar af handahófi, ásamt lista yfir áhugaverð myndskleið.

Vefurinn er byggður upp sem svokallað wiki-kerfi, sem leyfir ótakmörkuðum fjölda notenda að uppfæra vefinn. Þetta þýðir, að þegar fram líða stundir gæti vefurinn orðið að samstarfsverfkefni opins hóps áhugafólks, sem skipuleggur sig sjálf. Hin mikla fyrirmynd í þessum efnum er auðvitað [Wikipedia](http://Wikipedia). Hingað til hef ég þó ein séð um að setja inn efnið, einnig það efni sem borist hefur frá öðrum.

Þegar þetta er skrifað (í lok júní 2009) eru um 140 síður á vefnum með lýsingum á tónlistarstarfi, lögum, tónlistarleikjum, dönsum o.fl. Þar af hafa um 50 síður verið stofnaðar síðan í október 2008, þannig að tæplega tvær síður hafa bæst við að meðaltali á viku.

Á styrktímabilinu hef ég reynt að einbeita mér frekar að þeim efnisflokkum sem tiltölulega fáar síður eru til um ennþá. Þetta eru einkum flokkarnir *Hljóðfæri og hljóðgjafar*, *Sögur og tónlist*, *Yngstu börnin* og *Tónlist barnanna*. Þetta hefur tekist þokkalega, en líklega hafa samt fleiri síður bæst við “stóru” flokkana, *Hreyfing*, *dans og leikir* og *Lög í samhengi*.

Ég hef reynt eftir megni að láta myndskreið (sem flest eru vistuð á YouTube) með sem flestum síðum, þar sem ég tel þau vera svo stóra hjálp bæði við að vekja athygli á efninu og við að notfæra sér það. Myndskeiðin hef ég langflest tekið upp sjálf.

Til að kynna vefinn keypti ég fyrir hluta styrksins auglýsingu í Skólavörðunni í desember. Einnig hef ég persónulega haft samband við ýmsa sem ég veit að hafa lagt áherslu á tónlistarstarf í sínum leikskólum, bæði til að safna efni til að setja á vefsíðuna og til að vekja athygli þeirra á henni.

Aðsókn á vefinn hefur verið nokkuð góð. Þegar best lætur (t.d. vikan 14.-20. apríl) eru tæplega 200 heimsóknir á vefinn sem rúmlega 100 einstaklingar eru á bak við, og samanlagt skoða þeir um 2500 síður. Venjulega eru þó heimsóknir séu töluvert færri. Vikan 17.-23. júní er líklega nokkuð dæmigerð, en þá voru um 120 heimsóknir á vefinn frá um 70 einstaklingum sem skoðuðu rúmlega 700 síður. Síðastliðnar vikur hafa um 60% heimsóknanna verið frá einstaklingum sem komið hafa á vefinn áður, þannig að hann virðist þegar hafa myndað nokkuð trúfastan hóp notenda, sem “líta inn” reglulega. Gera má ráð fyrir að þegar fleiri leikskólar frétti af vefnum muni umferðin aukast.

Þegar næsta skólaár hefst hef ég ráðgert að kynna vefinn enn frekar með því að senda dreifibréf til allra leikskóla á höfuðborgarsvæðinu, enda hef ég hingað til ekki kynnt hann markvisst í Reykjavík og Hafnarfirði, bara í Kópavogi og eitthvað í Garðabæ.



## Niðurstöður og mat

Eins og gefur að skilja hefur verkefnið haft mikið að segja fyrir sjálfa mig og fyrir tónlistarstarfið á þeim leikskólum sem ég starfa á (Heilsuleikskólanum Urðarhóli í Kópavogi og Lundabóli í



Garðabæ). Hvað aðra varðar, þá hafa öll viðbrögð við bornogtonlist.net verið einstaklega jákvæð, og ég veit af allmörgum um allt land sem hafa notað efni af vefsvæðinu í eigin starfi.

Ég hef fundið til mikils velvilja gagnvart þeim markmiðum sem ég hef stefnt að og þeim leiðum sem ég hef valið til að vinna að þeim. Það tel ég benda til þess að fólk finni almennt fyrir þörfinni á að styrkja tónlistarstarfið í leikskólunum.

Ég er því sannfærð um að bornogtonlist.net og þær hugmyndir sem þar koma fram eigi miklu og góðu hlutverki að gegna í íslensku leikskólastarfi, og mun auðvitað halda áfram að þróa vefinn áfram og kynna hann fyrir öllu áhugafólki.

Kópavogi, 24. júní 2009

*Birte Harksen*

kt. 260570-2349

[birte.harksen@gmail.com](mailto:birte.harksen@gmail.com)

